



Skúli S. Ólafsson

Ávarp á aðalsafnaðarfundi

Á aðalsafnaðarfundi í fyrra var [farið yfir stefnumótunina](#) og áformin sem þar er lýst borin saman við það sem gert hafði verið á fyrsta starfsvetrinum. Þessi upptalning var ánægjuleg því í ljós kom að hópur sem starfar hér við kirkjuna, jafnt prestar, starfsfólk sem leikmenn höfðu hrint velflestum hugmyndunum í framkvæmd þegar á fyrsta árinu. Þá hefur margt annað verið gert sem ekki stendur í stefnumótuninni og þau verkefni sem eftir standa eru e.t.v. þess eðlis að vel má velta því fyrir sér hvort þau eigi heima þar í óbreyttri mynd.

Sé litið til þeirra verkefna sem enn er eftir að vinna í má nefna:

Hollvinasamtök kirkjunnar: Ákveðið hefur verið að halda fund eftir þennan aðalsafnaðarfund sem væri sérstaklega helgaður fjáröflun. Full þörf er á því að hefja áttak í þeim efnum því fjárþörf kirkjunnar er skiljanlega mikil og afar takmarkað svigrúm til framkvæmda. Fengur væri í því ef hollvinasamtök yrðu mynduð í kjölfarið.

Kirkjulistahátíð: Norðlendingar halda kirkjulistahátíð árlega og hafa náð miklum árangri á því sviði. Ekki væri úr vegi að heimsækja þá og afla upplýsinga um það hvernig þeir standa að málum. Þó má benda á að Keflavíkirkirkja verður mjög sýnileg á næstkomandi ljósanótt og verður þar m.a. málverkasýning, tónleikar og ýmislegt fleira.

Nýbúar: Vel mætti efla frekar starfsemi með nýbúum en þeim hefur þó væntanlega fækkað eitthvað í kjölfar samdráttar í hagkerfinu. Ein hugmynd er að efna til dagskrár á hvítasunnu þar sem fólk af erlendum uppruna flytti texta á sínu tungumáli.

Fyrirlestrar fyrir og eftir messu: Líklega færi betur á því að efna til funda fyrir guðsþjónustur fyrir þá sem vilja mæta ögn fyrr og þiggja morgunkaffi áður en helgihaldið hefst.

Vinna með skírnavotta: Ástæða er til þess að hugleiða það hvernig útfæra mætti þá hugmynd. Upplýsingar um skírnavotta eru aðgengilegar í Kapelláninum og í kirkjubókum en hlutverk þetta er mikilvægt og yrði það vafalítið hvatning fyrir marga að fá uppbyggilegt erindi af þessum toga. Þar væri gaman að fá lýsingu á því hvernig fyrirkomulag þetta er víða erlendis þar sem skírnavottar, eða guðforeldrar, eru oft mikilvægur þáttur í uppeldi barnsins.

Samstarf við leikfélagið: Hugmyndir í þeim anda hafa reglulega komið upp. Halda ætti fund með leikfélaginu og kanna með því áhugann á því að fá þá til samstarfs með okkur, t.d. á föstunni.

Fjölmargt hefur þó áunnist sem talið var óklárað fyrir ári. Ber þar hæst aukinn þátt sjálfboðaliða í starfinu, samstarf við KFUM og KFUK og söngstarf barna og unglinga.

Stefnumótunin sjálf hefur hins vegar haldið áfram og rökrétt framhald hennar sem er stofnun vinnuhópa við kirkjuna sem helga sig hver sínu málefni í starfsemi safnaðarins. Fimm hópar voru myndaðir:

- Helgihald og menningarhópur
- Æskulýðshópur
- Kærleikshópur
- Leiðtogahópur
- Húsnefnd

Starfsemi þessara hópa hefu verið ein mikilvægasta viðbótin við safnaðarstarfið og hafa þeir bæði lagt lið við ýmis verkefni og viðburði auk þess sem þeir hafa tekið ríkan þátt í hugmyndavinnunni. Með þátttöku í hópunum gefst fólki því færi á að hafa bein áhrif á það sem gert er í kirkjunni á því sviði sem hæfir best áhugamálum þess og hugðarefnum. Vendipunktur í starfi þeirra var ferðin í Skálholt í október þegar þeir lögðu fram hugmyndir sínar að frekari landvinningum kirkjunnar og nýjum verkefnum. Þá fengum við áhugaverða fyrirlestra um leiðtoga í kirkjulegu samhengi. Einn sýnilegasti afrakstur þessa fundar er Velferðarsjóðurinn sem vakið hefur mikla athygli og komið að góðum notum nú á samdráttartímum. Má segja að sú hugmyndavinna hafi markað nýja tíma í þessari stefnumörkun.

Full ástæða er til þess að hefjast handa við að setja nýja áætlun fyrir kirkjustarfið, t.d. til þriggja ára, enda eru aðstæður hér um margt frábrugðnar því sem var haustið 2007 þegar plaggið var samþykkt. Í henni tækju allir þátt sem starfa í ofangreindum hópum til viðbótar sóknarnefnd og starfsfólki. Þá ættu kórfélagar að mæta og leggja vinnunni lið. Fyrirtak væri að stækka hópna og bjóða þá skapandi fólki með í ferðina um haustið.

Til stendur að halda í Skálholt dagana 3. til 4. október í haust. Húsakynninn þar eru rúmgóð og er pláss fyrir mun fleiri en þá sem tóku þátt í síðustu ferð. Fólk er hvatt til þess að taka frá þessa daga. Væntanlega yrði lagt af stað fyrir hádegi á laugardeginum og komið aftur seinni part sunnudagsins. Fyrirkomulagið yrði svipað og í fyrra, nema að nú gæfist betri tími til vinnu og við myndum væntanlega taka þátt í helgihaldi í Skálholtskirkju sem er mörgum kórfélögum að góðu kunn. Þá muinum við fá fyrirlesara eins og síðast. Samið hefur verið við prófast og fáum við héraðsprest til afleysingar fyrir guðspjónustuna kl. 11:00.

Hvað varðar starfsemi safnaðarins á árinu 2008 verður að öðru leyti vísað í skýrslu þá sem hér liggur frammi, í bókarformi, skreytt líflegum myndum úr starfinu!